

Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar 30. mars 2023 ályktar:

Flugsamgöngur eru ein mikilvægasta grunnstoð byggðar á Íslandi auk þess sem efnahagslegur og samfélagslegur ávinningur af flugstarfsemi fyrir Ísland er ótvíræður. Mikið er í húfi við að vinna að sjálfbærri framtíð flugs um og á Íslandi og hafa flugfélög sett sér metnaðarfull markmið á sviði umhverfismála m.a. með því að taka þátt í verkefnum sem snúa að innleiðingu sjálfbærs eldsneytis og þróun á vetnis- og rafmagnsknúnum flugvélum.

Samkvæmt fyrirhugaðri löggjöf Evrópusambandsins sem hefur það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda mun aukinn kostnaður vegna kolefnislosunar leggjast þungt á flugfélög með tengimiðstöð á Íslandi einungis vegna landfræðilegrar legu. Að óbreyttu mun þetta leiða til þess að samkeppnisstaða íslensku flugfélaganna veikist gríðarlega með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á ferðaþjónustu, flutninga, annað íslenskt atvinnulíf og samfélag í heild sinni. Boðuð löggjöf mun jafnframt ekki draga úr kolefnislosun, heldur þvert á móti stuðla að kolefnisleka, enda er almennt umhverfissvænna að fljúga á minni flugvélum yfir Atlantshafið, líkt og þeim sem íslensku flugfélögin nota í sínum rekstri, frekar en að fljúga beint yfir Atlantshafið á breiðpotu.

Það er mikilvægt að stjórnvöld verji hagsmuni Íslands þegar löggjöfin verður innleidd hér á landi til þess að tryggja sjálfbæra framtíð og verja mikilvægan ávinning af flugi hér á landi. Samtök ferðaþjónustunnar styðja því heils hugar þá vegferð stjórnvalda að semja um að nauðsynlegt tillit verði tekið til landfræðilegrar legu Íslands í tengslum við löggjöfina svo samkeppnishæfni íslenskra flugféлага og Keflavíkurflugvallar sem tengimiðstöðvar verði tryggð.